

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Laxár í Hvammssveit.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Laxár í Hvammssveit. Heimili þess er á jörð sitjandi formanns og varnarþing er héraðsdómur Vesturlands.

2. gr.

Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábúendur eftirtalinna jarða og landareigna, sem land eiga að vatnasvæði Laxár í Hvammssveit, en það eru Ásgarður, Árbær, Gerði, Hólar, Laugar, Leysingjastaðir, Skerðingsstaðir, Sælingsdalur og Sælingsdalstunga. Vatnasvæðið telst vera Laxá, Sælingsdalsá, Svínadalsá, Seljadalsá og Lambadalsá ásamt öllu vatni sem í þær fellur, en þær renna allar að sama ósi í sjó.

3. gr.

Markmið félagsins er að auka lax- og silungsvæði á félagssvæðinu og arð af henni. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður og 2 meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félaginu eða starfa í umboði þeirra sem getið er í 2. gr. Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll hamli, eða ef hann hefur verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn til eins árs í senn. Kjósa skal einn skoðunarmann og einn til vara ár hvert.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmæla-réttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundum.

Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

Rísi ágreiningur um lögmati ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Landbúnaðarstofnunar. Kærufrestur er þrjú mánuður frá því að ákvörðunin var tekin.

7. gr.

Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skytt er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

Þegar ráðgert er að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði og skal þess getið í fundarboði.

Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundi skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og gildir þá ein eining í arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt, sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók.

Á félagsfundi skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundi skulu skráð í fundargerðabók.

8. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. júní ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og ályktar fundurinn um þá. Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef ¼ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

9. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

10. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

11. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir veiðifélagsins.

Landbúnaðarstofnun, 1. nóvember 2007.

Viktor S. Pálsson, forstöðumaður stjórnisýslusviðs.

B-deild – Útgáfud.: 19. nóvember 2007